



# Vistvangur höfuðborgarsvæðisins; Gróf áætlun til 10 ára

---

Áætlun sú sem hér er sett fram er rammi utan um fyrirhugaða starfsemi á vistvangi höfuðborgarsvæðisins. Áskilin er réttur til breytinga eftir því sem reynsla af starfi og framgangi samstarfs við aðila verður til og framkvæmdaaðilar kynnast svæðinu betur. Slíkar breytingar verða bornar undir Hafnarfjarðarbæ.

## Magn og gerð lífrænna efna

### *Hafnarfjörður*

Í fyrstu verður hrossatað úr Hafnarfirði meginuppistaðan í því magni lífrænna úrgangsefna sem stefnt verður á vistvang suður í Krýsuvík. Óvissa er um hversu mikið magn sem mun berast þaðan. Ef marka má skil inn á svæðið hingað til á þessu ári má ætla að um 800 m<sup>3</sup> verði losaðir þar á árinu. GFF fór á mis við 2 losanir fyrr í vetur vegna ófærðar. Ætla má að þetta magn, 800 m<sup>3</sup>, sé lágmarkið sem berist árlega á vistvang frá Hafnarfirði miðað við óbreyttar aðstæður. Hafa skal í huga að einungis um helmingur af því hrossataði sem fellur til í Hafnarfirði hefur ratað í uppgræðslufarveg samstarfs GFF og Hafnarfjarðarbæjar. Einungis það sem kemur frá hesthúsum í Hlíðarþúfum hefur skilað sér í verkefni GFF. Verði komið samskonar kerfi gagnvart öðrum hesthúshverfum í bænum þá mun þetta magn a.m.k. tvöfaldast.

Önnur efni frá Hafnarfirði koma til greina, á sumrin má losa á vistvangi garðaúrgang ef bæjarfélagið telur sér hag í því. Um magn þess úrgangs er óvíst en komast má eitthvað nálægt hinu sanna með því að vakta í sumar a.m.k. það magn sem berst frá bænum sjálfum.

### *Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu*

Óvíst er hvað skilar sér á vistvang frá öðrum sveitarfélögum og af öðrum efnum en hrossataði. GFF hefur kynnt hugmyndina um vistvang við ýmsa aðila sem koma að stjórn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hugmyndinni er víðast hvar vel tekið. Það er hins vegar ekki til að byggja á. Sveitarfélög geta haft ýmsar og misgóðar ástæður fyrir því að vilja ekki taka þátt þegar á reynir. Ein ástæðan getur verið sú að landið sem um ræðir sé í eigu eins ákveðins sveitarfélags. Önnur getur verið að of langt sé að fara o.s.frv.

GFF mun á næsta vetri markvisst kynna hugmyndina um vistvang og framkvæmd hennar við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og vonast þar eftir vissum stuðningi Hafnarfjarðarbæjar. Þar verður hægt að styðjast við þá reynslu sem aflast við aðgerðir á yfirstandandi ári. Litlu er þó hægt að spá um árangur af þeirri kynningu en engin ástæða er til sérstakrar svartsýni. Í ljósi loftslagsráðstefnunnar í París í vetur hlýtur það að standa upp á ýmsa aðila í samfélaginu, ekki síst sveitarfélög, að sýna viðleitni til aðgerða sem vinna gegn hlýnun jarðar.

Takist erindrekstur GFF vel og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ákveða að skila lífrænum efnum inn á vistvang þá mun magnið af hrossataði margfaldast og ef önnur efni bætast við, tekur magnið af efnum að nálgast enn aðra stærðargráðu.

Ófærð getur verið vandamál um miðjan vetur, þ.e. í janúar og fram í mars þegar losun þarf að eiga sér stað frá hesthúsahverfum á höfuðborgarsvæðinu. Þ.a.l. er magn þess efnis sem berst á vistvang árlega mjög óvíst. Á móti kemur að áform eru hjá Vegagerðinni um að gera akstur yfir Sveifluháls auðveldari með því að lækka hæð vegarins. Óvíst er þó hvenær til þess kemur.

## Verklag

### *Fyrstu 5 árin*

Góður losunarstaður fyrir stóra farma af hrossataði og annan lífrænan úrgang er á mótum gamla vegarins úr Herdísarvík og nýja hluta Krýsuvíkurvegarins, þar sem sá síðarnefndi sveigist suður að nýlegum Suðurstrandarvegi. Þessi staður og nágrenni hans er innan vistvangs eins og hann er sýndur á skipulagsupprætti frá Hafnarfjarðarbæ. GFF hefur fengið munnlegt leyfi Vegagerðarinnar til að nota þennan stað til losunar á hrossataði, enda hentar hann afar vel fyrir stóra pallbíla (trailera) til að athafna sig á. Reiknað er með að þarna verði losað efni til notkunar á vistvangi fyrst í stað og að hann geti gagnast í allnokkur ár (3 – 5 ár). Svæðið í norður frá losunarstaðnum er í raun 1.áfangi vistvangs.

**Fyrsta aðgerð** á svæðinu var nú í byrjun apríl 2016 þegar um 350 m<sup>3</sup> af hrossataði frá Hlíðarþúfum voru losuð á ofangreindum stað. Á tímabilinu 18. – 28. apríl n.k. verða um 180 **nemendur Flensborgarskólans í Hafnarfirði** í ferðum þangað suður eftir með GFF í því skyni að planta trjám og græða upp land. Nemendur munu taka tað úr haugunum og nota til að dreifa í kringum trjáplönturnar sem þeir setja niður. Litið er á þessa aðgerð sem eins konar „general prufu“. Ekki er meiningin að nota neitt fræ til sáningar heldur vaxi það upp úr taðinu sem þar er og það sem drífur að og þar mun festa rætur.

**Seinna í vor, eða snemma í sumar** verður komið með dráttarvél, haugarnir unnir niður og efni úr þeim flutt út á grundirnar. Reiknað er með að dráttarvélin geri sjálf slóða með efninu sjálfu svo að hún geti ekið út á svæðið sem er talsvert grýtt og erfitt yfirferðar. Dráttarvélin mun að öllum líkindum geta jafnað efnið út í hæfilegri þykkt en ójöfnur verða jafnaðar út af mannskap (erlendum sjálfboðaliðum) sem GFF kemur með á svæðið á tímabilinu 10. júní – 10. júlí.

**Reiknað er með að verklag verði með þessum hætti fyrstu 5 árin.** Tað verður losað eins og aðstæður að vetri leyfa á ofangreindum stað, hafnfirsk skólaeska plantar trjám í apríl, vélarafli kallað til í maí / snemma í júní og loks verður sumarmannskapur GFF við fingerðari aðgerðir að sumri. Vel er hugsanlegt að grunnskólar í Hafnarfirði vilji taka þátt í útiskóla á vistvangi og verður það kannað næsta vetur. Starf með þeim mun þá fara fram í maí. Ef magn eykst á tímabilinu þarf e.t.v. að kalla til vélarafli oftari og fyrr, þ.e. um veturinn til að rýma til fyrir fleiri losunum.

### *Verklag á seinni hluta tímabilsins*

Eftir því sem svæðið næst losunarstaðnum er grætt upp eykst þörfin fyrir að finna annan losunarstað, sem liggur nær því svæði sem næst er ætlunin að hefja á aðgerðir. Þetta á sömuleiðis við ef fleiri sveitarfélög taka að losa lífræn efni á vistvang og magn efna eykst.

Þá kemur til kasta þess að gera vegslóða fyrir flutningabíla. Vegagerðin hefur sjóð þangað sem aðilar geta sótt til þess að gera slíka vegslóða, m.a. í þeim tilgangi að græða upp land. Þegar þörfin á því gerist fyrirsjáanlega knýjandi er rétt að sækja um í þann sjóð. Rétt er að taka fram að slíkir vegslóðar eru til bráðabirgða og örlög þeirra verða að hverfa undir gróðurþekju. Nákvæmlega hvar verður borið niður með fyrsta vegslóðann er erfitt að segja á þessu stigi og rétt að hlutaðeigandi aðilar kynnist svæðinu betur áður en kveðið er upp úr með það.

### *Notkun hrossataðs*

Hrossatað verður notað til að þekja gróðurvana land og er áætlað að þykkt þess verði um 20 - 30 cm. Hafa verður þykktina talsverða til að þurfa ekki að endurtaka dreifingu. Hafa verður í huga að efnið rýrnar mikið þannig þykkt þess verður ekki nema um 5 - 10 cm. Til að gefa hugmynd um stærð svæðis sem hægt er að græða upp með t.d. því magni sem verður handbært í ár, 800 m<sup>3</sup>. Þá er það um 3.200 m<sup>2</sup> eða um þriðjungur úr hektara. Þar með er ekki öll sagan sögð. Þar sem rofabörð verða á vegi uppgræðslunnar verður að nota meira magn þr flatareiningu en að ofan greinir.

## **Önnur efni, úr öðrum áttum**

Eggjabúið Nesbúegg á Vatnsleysuströnd hefur öðru hvoru óskað eftir að losa hæsnaskít á svæðum þar sem GFF hefur stundað uppgræðslu á slóðum við Kleifarvatn. Haustið 2014 fékk eggjabúið t.d. að losa í nágrenni hrosshaga hestamannafélagsins Sörla sunnan við Kleifarvatn. Áhrif þeirrar dreifingar voru mikil og hefur gróður þar braggast mikið eftir þá aðgerð. Hæsnaskíturinn er mun sterkari áburður en hrossataðið og ekki ástæða til að afþakka hann á vistvangi ef hann býðst. Þar þyrfti þó að hafa svæðið sem hæsnaskít er dreift yfir afmarkað, skýrt og greinilega frá öðrum svæðum á vistvangi.


Þessi losun mun þó ekki eiga sér stað nema að rekstraraðilar eggjabúsins sjái sér hag í því. Hvort það verður er háð mörgum utanaðkomandi breytum og eykur því enn á óvissu um magn efna.

Svínabú er rekið á Vatnsleysuströnd og hugsanlegt að það sjái sér hag í að losa efni á vistvangi. Ef svo fer þarf að umgangast það með svipuðum hætti og hæsnaskítinn.

## **Gagnaöflun**

GFF mun halda utan um allar upplýsingar hvað varðar magn og gerð efna og hvar og hvernig þau eru notuð. Þessum gögnum verður komið til samstarfsaðila hjá Hafnarfjarðarbæ sem og til annarra samstarfsaðila sem áhuga hafa.

Gert 13.apríl 2016,



Björn Guðbrandur Jónsson